

*bœnda*  
FERÐIR

## JAPAN & SUÐUR-KÓREA



**22. október – 6. nóvember 2025**

**Fararstjórn: Eyrún Ingadóttir**

**Japan | Suður Kórea**

## Ferðalýsing

Japan er fornfrægt menningarriki þar sem hefðir, tækni og náttúrufergurð sameinast í einstakri blöndu. Við fljúgum til höfuðborgarinnar **Tókyó** og könnum gömul og söguleg hverfi sem finna má í iðu stórborgarinnar. Svo verður haldið til Kamakura þar sem ein af þjóðargersemum Japans er staðsett, gistum í borginni **Oiso** og förum svo í **Hakone þjóðgarðinn** sem er við rætur eldfjallsins Fuji. Næst er ferðinni heitið með háhraðalest til **Kyoto** sem í dag er sannkölluð höfuðborg menningar í Japan. Þar kynnum við okkur hefðbundna teathöfn og Kimono búning innfæddra. Við komum einnig til borgarinnar **Osaka** sem er ein mikilvægasta hafnar- og iðnaðarborg landsins og skoðum **Nara** sem eitt sinn var vagga lista, handverks og bókmennta. Við heimsækjum hið heimsfræga friðarsafn um afleiðingar kjarnorkusprengja í **Hiroshima** og siglum til **Miyajima** þar sem helgidómurinn Itsukushima er byggður í flæðarmálinu og eitt þekktasta tori hlið Japans er staðsett.

**Suður-Kórea** býður upp á blöndu af ævagamalli menningu og nútímavæddu hátæknisamfélagi, stórbrotinni náttúru og einstakri gestrisni þjóðar sem á sér 5000 ára sögu. Við dveljum í **Seúl**, hinni gríðarstóru höfuðborg með háum skýjakljúfum, hátækni neðanjarðarlestarkefni og poppmenningu. Borgin er einnig ákaflega hefðbundin og þar er að finna búddamusterið **Jogyesa**, **Gyeongbokgung** höllina og **Bukchon Hanok** þorpið, sem á sér um 600 ára sögu. Við förum í dagsferð að landamærum Suður- og Norður Kóreu, skoðum Imjingak friðargarðinn og Dorasan járnbrautarstöðina sem áður tengdi nágrannalöndin saman.

Á ferð okkar um **Japan** og **Suður Kóreu** munum við upplifa fjölbreytt mannlíf, iðandi borgir, framandi siði, matarhefð og menningu, nútímalega hátækni, fögur hof og náttúru. Hér blandast fornar hefðir og nútíminn á skemmtilegan hátt og skapa einstaka menningarheima.

**16 dagar | 15 nætur**

1 næturflug | 2 nætur Tókyó | 1 nótt Oiso | 5 nætur Kyoto | 1 nótt Hiroshima  
1 nótt Fukuoka | 3 nætur Seúl | 1 næturflug



### 22. október | Brottför frá Keflavík – Helsinki - Tókyó



Brottför frá Keflavík kl. 08:45 og landing í Helsinki kl. 15:10 að staðartíma. Þaðan verður flogið til Tókyó í næturflugi, brottför kl. 17:45 og landing í Tókyó kl. 13:05 að staðartíma þann 23. október. Næturflugið tekur um það bil 13 klukkustundir.

### 23. október | Lending í Tókýó

Við lendum á Tókýó flugvelli kl 13:05 að staðartíma. Tókýó var eitt sinn lítill fiskibær en er nú ein af stærstu og nútímalegustu borgum veraldar. Hún samanstendur af mörgum smáum borgarhlutum, hver með sitt sérkenni og einstaka andrúmsloft. Við höldum á hótelið okkar og komum okkur fyrir. Fararstjóri mun fara í stutta skoðunarferð um næsta nágrenni með þeim sem það vilja.

✓ Kvöldverður



### 24. október | Tókýó



Eftir morgunverð byrjum við á því að skoða Keisarahallarsvæðið sem er um margt merkilegt og vin í ys og þys stórborgarinnar. Því tilheyrir Kokyo Gaien garðurinn, Nijubashi brúin og núverandi keisarahöll, sem byggð er á grunni Edo kastala. Höllin er umlukin síkjum, veggjum og varðhýsum sem gefa innsýn í þá valdabaráttu sem ríkti á tímum herstjóranna í Japan (sjogún) þegar kastalinn var reistur. Við keyrum

fram hjá einu stærsta og mikilvægasta Shinto-hofi Japans, Meiji Jingu, en Shinto eru upprunaleg trúarbrögð Japana þar sem lögð er áhersla á samhljóm við náttúruna. Það er tileinkað keisaranum Meiji og keisaraynju hans Shoken, sem náðu Japan úr höndum herstjóranna og snéru því til nútímalegri stjórnarháttar. Hofinu tilheyrir um 700.000 fermetra ræktaður skógur og þar má finna yfir 100.000 tré, af 365 tegundum, sem hafa verið gefin af fólki búsettu víðsvegar um Japan og um heiminn allan. Við förum að Shibuya gangbrautinni sem er ein frægasta gangbraut í heimi. Þegar gönguljósinn skipta um lit fara á sama tíma hundruð og stundum þúsundir gangandi vegfaranda yfir götuna sem skapar stórkostlega sjón. Rétt hjá stendur stytta af tryggð hundinum Hachiko.

Þessu næst skoðum við Omotesando hverfið sem er þekkt fyrir sérstæðan nútímaarkitektúr, úrval fállegra verslana, kaffihúsa og veitingastaða. Hér gefst tími til að taka hádegishlé og fá sér hressingu áður en lengra er haldið. Eftir hádegði upplifum við hina gömlu, hefðbundnu Tókýó í borgarhlutanum Asakusa þar sem finna má mörg vel varðveitt tréhús sem stóðu af sér eyðileggingarmátt seinni heimsstyrjaldarinnar. Í hverfinu stendur Senso-ji eða Asakusa Kannon hofið sem er eitt þekktasta og fállegasta hofið í Japan. Við sjáum aðalhlíðið, Kaminarimon, og þar fyrir innan tekur við Nakamise gatan sem liggur að innra hlíði hofsins. Þar freista litlir sölubásar með skrautgripum og bæði sætu og söltu nasli. Það er til dæmis tilvalið að prófa nýristuð senbei, þekkt japönsk saltkex sem finnast í mörgum mismunandi bragðtegundum. Við skoðum einnig hæsta turn heims, Tokyo Skytree, sem er eitt af kennileitum borgarinnar og í næsta nágrenni við Asakusa hverfið.



- ✓ Morgunverður
- ✓ Kvöldverður

## 25. október | Kamakura & Oiso



Í dag er mikilvægt að pakka niður í tösku til einnar nætur, því að farangurinn okkar verður fluttur á undan okkur til Kyoto, en við höfum næturstað í millitíðinni í Oiso. Við höldum í suðurátt til Kamakura sem var aðsetur fyrstu herstjóra Japans á 12. öld. Þar skoðum við Hase-dera hofið sem er ákaflega fallegt og þekkt fyrir blómgaða garða og stóra styttu af Kannon, sem er gyðja í Búddatrú. Við skoðum einnig yfir 13

metra háa styttu af Búdda í Kōtoku-in hofinu sem er ein af þjóðargersemum Japans. Eftir hádegisverð verður staldrað við í Komachi-dori verslunargötunni. Síðdegis skoðum við Tsurugaoka Hachimangu, sem er einn helgasti dómur Shinto trúarinnar. Við höldum síðan áfram ferð okkar til borgarinnar Oiso í Kanagawa héraði, en hún var eitt sinn vinsæll baðstrandarbær yfirstéttarinnar í Japan. Þar gistum við á góðu 4\* hóteli.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður
- ✓ Kvöldverður

## 26. október | Hakone & háhraðalest til Kyoto

Framundan er viðburðaríkur dagur. Eftir morgunverðinn tekur við skoðunarferð til Hakone sem er á meðal vinsælustu hverasvæða Japans. Farið verður með kláf um eldfjalladalinn Owakudani en þaðan er stórkostlegt útsýni í heiðskýru veðri yfir eldfjallið Fuji, Ashi stöðuvatnið og Futago fjallið. Þessu næst förum við í hið einstaka Hakone útilistasafn sem er með yfir 100 höggmyndir eftir innlenda og erlenda listamenn og slökunarsvæði þar sem hægt er að komast í heitt fótabað. Eitt af merkilegustu svæðum safnsins er laufskáli sem helgaður er verkum Picasso, hér er að finna málverk, höggmyndir, leirmuni og fleira. Við snæðum hádegisverð á veitingahúsi og höldum síðan á Odawara lestarstöðina þar sem við tökum háhraðalest til Kyoto, en þar gistum næstu fimm næturnar.



- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður

## 27. október | Kyoto - Kiyomizu hofið & Nijo kastali

Kyoto var höfuðborg Japans í yfir 10 aldir, frá 794 til 1868. Í Kyoto er að finna yfir 1600 Búddahof og 270 shinto-helgidóma. Þrátt fyrir að borgin hafi þróast í gegnum aldirnar þá hefur hún viðhaldið andrúmslofti gamla heimsins og andi gamla Japans svífur þar yfir vötnum. Við skoðum Kiyomizu hofið en þaðan er dásamlegt útsýni yfir borgina og náttúruna í kring. Við skoðum Nijo kastala frá tíma herstjórnarinnar í Japan en hann var byggður á öndverðri 17. öld. Byggingar kastalans eru einstaklega vandaðar og þar má

víða sjá falleg veggjalistaverk. Næturgalagólf finnst í hluta bygginganna en gólfið er sett saman á þann hátt að það marrar í því þegar stigið er á það. Launmorðingjar gátu því ekki nálgast íbúa kastalans án þess að til þeirra heyrðist. Hér umhverfis eru virkisveggir og síki en einnig glæsilegir garðar eins og Shinzou-no-Mor. Í útjaðri borgarinnar er að finna hið fræga Gullhof, Kinkaku-ji, sem er frá



Muromacchi tímabilinu (1336-1573). Tvær efstu hæðir þess eru lagðar gulli sem glitra fallega þegar sólin skín og á þakinu er að finna fuglinn fönix úr bronsi. Hofið hefur verið á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna frá 1994. Við endum daginn á einfaldri teathöfn (Matcha Experience) sem er hversdagsleg og snýst um að útbúa teið og njóta þess.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Kvöldverður

## 28. október | Hefðbundin teathöfn & Kimono



Við hefjum daginn á að taka þátt í hefðbundinni japanskri teathöfn (sadō). Hún fer fram í þar til gerðu te-herbergi eða húsi og notuð eru sérstök áhöld til þess að útbúa hið græna te, Matcha. Hér er um að ræða hátíðlega athöfn þar sem gildi búddatrúarinnar endurspeglast í núvitund, mikilli nákvæmni í öllum smáatriðum og fagurfræðilegri nálgun á einfaldleika augnabliksins. Eftir hádegishlé kynnum við okkur einnig

hinn gullfallega kimono búning Japana sem á sér yfir 1000 ára sögu. Í fyrstu voru það hirðdömur sem klæddust þessari einstöku flík, síðar bættust við auðugir samúræjar og aðalsfólk, en á tímum hershöfðingjanna, hinu svokallaða Edo tímabili, fékk búningurinn sína núverandi mynd og notkun hans varð almennari bæði meðal karla og kvenna. Við fáum frjálstan tíma til að skoða okkur um áður en haldið verður aftur upp á hótél. Kvöldverður á eigin vegum.

- ✓ Morgunverður

## 29. október | Kyoto - frjáls dagur

Í dag er tilvalið að heimsækja Arashiyama hverfið sem liggur undir rótum fjallanna vestast í Kyoto. Þar er mikil náttúrufegurð og margt að skoða. Hér má meðal annars finna hofið Tenryu-ji sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna og er frægt fyrir



sína fallegu zen-garða frá 14. öld. Það er mikið af fallegum gönguleiðum um fagurgróin svæði, meðfram ám og lækjum með fjöllin í baksýn. Þar má helst nefna hina fallegu bambuslundi, einkum Sagano lundinn, þar sem bambustré skaga 10-20 metra upp í loft. Efst mynda lafin þak sem sólin brýst í gegnum og það er yndislegt að labba um göngustígana milli trjána og upplifa hið töfrandi og róandi andrúmsloft ljóss og skugga.

- ✓ Morgunverður

### 30. október | Nara, Kasuga helgidómurinn & Osaka

Við höldum af stað í skoðunarferð til litlu borgarinnar Nara sem stendur rétt sunnan við Kyoto. Hún var höfuðborg Japans frá árinu 710 til ársins 784 og var á þeim tíma vaggja japanskrar listar, handverks og bókmennta. Við skoðum Todai-ji hofið sem er stærsta, forna trébygging veraldar en lokið var við byggingu þess árið 752. Við sjáum einnig Kasuga helgidóminn sem er einn af elstu og mikilvægustu shinto-



helgidómum landins. Hann er staðsettur í garði þar sem hin gæfu sika dádýr ganga laus en þau eru talin heilög vegna tengsla sinna við gyðju Kasuga Taisha helgidómsins í Nara. Garðurinn sjálfur er á heimsminjaskrá UNESCO en innan hans má einmitt finna þær byggingar sem við höfum nú þegar skoðað, Toda-ji hofið og Kasuga helgidóminn. Við ferðumst áfram til borgarinnar Osaka sem er önnur stærsta borg Japans og miðstöð verslunar í vesturhluta landsins. Við skoðum Namba Dotonbori hverfið en það eitt af helstu kennileitum Osaka. Þar er að finna ýmsa afþreyingu og fjölda veitingastaða sem staðsettir er á suðurbökkum Dotonbori síkisins. Hádegisverður á eigin vegum. Við skoðum einnig Osaka kastalann sem byggður var á 16. öld. Kastalinn átti á sínum tíma að vera best byggði og fallegasti kastali Japans en í áranna rás hafa stríð og eldsvoðar sett mark sitt á hann. Eftir viðburðaríkan dag í Nara og Osaka höldum við aftur til Kyoto og komum þangað síðdegis. Kvöldverður á eigin vegum.

✓ Morgunverður



### 31. október | Eyjan Miyajima & Hiroshimaflóa

Í dag tökum við háhraðalestina frá Kyoto til Hiroshima. Eftir komuna öikum við að Hiroshimaflóa og fáum okkur hádegisverð á veitingastað í bænum Miyajimaguchi. Þaðan siglum við til að skoða eyjuna Miyajima eða Itsukushima. Miyajima er þekkt fyrir mikla náttúrufegurð, sögulegt mikilvægi og menningararf. Þar finnum við



Itsukushima helgidóminn en hann er byggður á sjónum við ströndina. Byggingarnar eru tengdar saman með göngubrú eða bryggjum, enda er helgidómurinn tileinkaður goðum sem tengjast sjónum og storminum. Eitt mest ljósmyndaða tori hlið Japans rís um 16 metra fyrir ofan sjávarmál og stendur á stöplum sem hafa grafist niður í sjávarbotninn. Á háflóði lítur út fyrir að bæði helgidómurinn og torii hliðið fljóti á sjónum sem skapar heillandi sýn. Víða um eyjuna má sjá hin heilögu dádýr á vappi. Ferskar ostrur frá Miyajima þykja algert lostæti og vinsæll minjagripur er Momiji Manju, lauflaga

kaka með hinum ýmsu gerðum af fyllingu. Við siglum aftur til baka og komum til Hiroshima síðdegis þar sem við gistum eina nótt. Kvöldverður á eigin vegum.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður

## 1. nóvember | Hiroshima, Saijo & Fukuoka



Hiroshima borg er þekkt um allan heim, en þann 6. ágúst 1945 var hún lögð í rúst og yfir 100.000 manneskur létust þegar heimurinn varð vitni að fyrstu kjarnorkusprengjuárás veraldarsögunnar. Í dag stendur eftir fábrotin byggingarrúst með hvolfpaki (The Atomic Bomb Dome) sem minning um hina gríðarlegu eyðileggingu sem sprengingin orsakaði og munum við skoða þessa byggingu. Nærri henni er að

finna Friðargarðinn en þar er friðarloginn sem verður fyrst slökktur þegar síðasta kjarnorkuvopninu á jörðinni hefur verið eytt. Hann er tileinkaður fórnarlömbum sprengingarinnar. Við heimsækjum garðinn og Friðarsafnið sem á áhrifamikinn hátt sýnir sögu Hiroshima fyrir kjarnorkusprengjuna, áhrif hennar á borgina og uppbyggingu borgarinnar eftir sprenginguna. Tilgangur safnsins er að vekja athygli á eyðileggingarmætti kjarnorkuvopna og styðja við frið í heiminum. Hádegisverður á veitingastað. Laust eftir hádegið höldum við til bæjarins Saijo en svæðið er eitt af þeim þremur helstu í landinu þar sem hrísgjónavín (sake) er bruggað. Hér eru mörg af virtustu brugghúsum svæðisins og sum þeirra eru margra alda gömul. Vatnið á þessum slóðum er mjúkt og það endurspeglast í krydduðu og örlitð sætu sake. Við heimsækjum eitt brugghúsanna og fáum að kynnst framleiðslunni. Seinni hluta dags tökum við háhraðalestina frá Hiroshima til borgarinnar Fukuoka þar sem gist verður eina nótt.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður

## 2. nóvember | Flug til Suður Kóreu & Seúl



Eftir morgunverð á hóteli höldum við út á flugvöllinn í Fukuoka. Brottför kl. 10:30 Áætluð landing í Seúl er kl. 12:00 að staðartíma. Tekið verður á móti okkur á flugvellinum og þaðan verður haldið með rútu að N Seúl turninum, oft nefndur Namsan turninn, en hann stendur á samnefndu fjalli. Hægt er að komast að fótum turnsins með því að fara með kláfi frá fjallsrótum upp á topp fjallsins. Hér er útsýnið stórkostlegt til allra

átta. Seinni part dags komum við á hótelið okkar þar sem við gistum næstu þrjár nætur.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Kvöldverður

### 3. nóvember | Skoðunarferð um Seúl



Í dag verður farið í skoðunarferð um Seúl sem er tísku- og tækni borg en einnig mjög hefðbundin. Við sjáum hallir, musteri og nútímalega hönnun. Við skoðum Gyeongbokgung höllina, sem er sú glæsilegasta í borginni, en byggingu hennar lauk árið 1395. Þar standa verðir í litskrúðugum búningum, Hanbok, sem er þjóðbúningur Kóreubúa. Hanbok á sér um 2000 ára sögu og er meðal annars fyrirmynd Japana að

Kimono sem kom árpúsundi seinna. Leið okkar liggur í Bukchon Hanok þorpið sem á sér um 600 ára sögu, en það stendur milli Gyeongbokgung og Changdeokgung hallanna og Jongmyo helgidómsins. Þetta litla þorp í borginni er einstakt en það samanstendur af mörgum húsasundum og svokölluðum Hanoks, hefðbundnum kóreskum húsum, en þau fyrstu voru byggð á 14. öld. Hér er mikið líf og húsin eru enn í fullri notkun sem heimili, tehus, söfn, gallerí, gistiheimili og fyrirtæki. Í Jogyesa búddamusterinu í miðju borgarinnar slær hjarta búddismans í Kóreu en það er um 600 ára gamalt. Insa-dong er eitt mest heillandi og söguríkasta hverfi Seúl en þar mætast fortíð og nútíð í aldagömlum hanok húsum, nútímalegum byggingum, listum, handverki, minjagripum, te- og veitingahúsum.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður

### 4. nóvember | Seúl - DMZ



Þrátt fyrir stormasama fortíð er DMZ svæðið (Korean Demilitarized Zone), sem skilur að Norður- og Suður-Kóreu, mjög öruggt fyrir ferðamenn og mjög áhrifaríkt að sjá. Svæðið er eingöngu hægt að skoða í skipulögðum ferðum með leiðsögn og gefst tækifæri til að sjá JSA (Joint Security Area) eða Panmunjom, þar sem leiðtogar ríkjanna tveggja hittust í friðarviðræðum. Þarna býðst gestum að kynnast örlítið sögunni

um átökin á milli þessara tveggja landa. Hluti þessarar skoðunarferðar eru göngin The Third Infiltration Tunnel og Dora stjórnuathugunarstöðin, þar sem hægt er að sjá yfir til Norður-Kóreu í gegnum sjónauka ef veður leyfir. Förum einnig í Imjingak friðargarðinn og á Dorasan járnbrautarstöðina sem áður tengdi löndin tvö. Snæðum hádegisverð á veitingastað á svæðinu. Við höldum aftur til Seúl og heimsækjum elsta og stærsta markað í Kóreu, Namdaemun. Seinni part dags förum við á skemmtilega sýningu í borginni og eftir hana er okkur boðið í glæsilegan kvöldverð þar sem við fáum að kynnast matarmenningu landsins.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Hádegisverður
- ✓ Kvöldverður

## 5. nóvember | Heimferð – Helsinki - Keflavík



Eftir morgunverð á hótelinu gefst tími til þess að kíkja aðeins í bæinn, skoða í verslanir, prufa einstakan götumat og virða fyrir sér mannlífið. Við borðum snemmbúinn kvöldverð áður en haldið verður út á flugvöll kl. 18:00. Næturflogið okkar frá Seúl til Helsinki er kl. 23:00 að staðartíma. Áætluð landing í Helsinki er klukkan 05:40 og tengiflug okkar áfram heim til Íslands er klukkan 07:20. Áætluð heimkoma til Íslands er klukkan 09:15 að staðartíma að morgni 6. nóvember.

- ✓ Morgunverður
- ✓ Kvöldverður

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

### Verð

**1.249.900 kr. á mann í tvíbýli | 281.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.**

### Innifalið

- ✓ Áætlunarflug með Finnair til Japan: Keflavík – Helsinki – Tokyo.
- ✓ Áætlunarflug með Korean Airline til Suður Kóreu: Fukuoka – Seúl.
- ✓ Áætlunarflug með Finnair frá Suður Kóreu: Seúl– Helsinki - Keflavík.
- ✓ Flugvallarskattar fyrir alla ferðina.
- ✓ Gisting í 10 nætur í Japan í tveggja manna herbergjum á 4\* hótélum samkvæmt landsmælikvarða.
- ✓ Gisting í 3 nætur í Seúl í tveggja manna herbergjum á 4\* hóteli samkvæmt landsmælikvarða.
- ✓ Máltíðir samkvæmt ferðalýsingu. Sex hádegisverðir. Sjö kvöldverðir.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Allar rútuferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Ferðir með hraðlestum samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Allar skoðunarferðir og aðgangseyrir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Innlend staðarleiðsögn í Japan og í Suður Kóreu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.
- ✓ Undirbúningsfundur með fararstjóra fyrir ferð.



### Ekki innifalið

- ✓ Þær máltíðir sem ekki eru taldar upp í innifalið, drykkjarföng og persónuleg útgjöld.
- ✓ Þjófnefnd fyrir erlendan staðarleiðsögumenn og rútubílstjóra.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.